

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 50

95. ár

Miðvikudaginn 22. maí 2002

Laust prestakall

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti prests í Nesprestakalli Reykjavíkur-prófastsdæmi vestra frá 1. október 2002.

- Biskup skipar í embætti presta til fimm ára.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjaranefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri í umsókn skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Valnefnd velur prest skv. starfsreglum um presta nr. 735/1998, en biskup ákveður með hvaða umsækjanda hann mælir náist ekki samstaða í valnefnd.
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 20. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998, en ákvæðið er svohljóðandi:
„Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar“.
- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á biskupsstofu, s. 535 1500, grænt nr. 800 6550, fax 551 3284.
- Umsóknarfrestur rennur út 14. júní 2002.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Það athugist að embætti presta eru auglýst með fyrirvara um breytingar á sóknar- og prestakallaskipan. Prestum er skylt að hlíta breytingu á störfum sínum og verksviði á skipunartímanum sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með vísan til jafnréttislaga eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um ofangreint embætti.

Reykjavík, 13. maí 2002.
F. h. b.
Ragnhildur Benediktsdóttir.

(5318

Stefnur

Erna Geirdal,
kt. 020332-2639,
Mexíkó.

gjörir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Birni Emilssyni, kt. 280534-4639, óstaðsettum í hús í Reykjavík til greiðslu skuldar.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur,

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi í Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi á skika lands úr jörðinni Hrauni, Ölfusi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða skika úr landi Hrauns, Ölfusi, sem liggur við þjóðveg 34, um 520 m vestan við Óseyrarbrú. Svæðið er um 19.400 m² með um 11.800 m² byggingarreit innan þess. Innan byggingarreits er afmarkaður reitur fyrir um 300 m² mannvirki, hús og sólpalla. Fyrirhugað hús er ein hæð. Aðkoma að því er frá austri. Byggingarreititur liggur næst þjóðvegi tæpa 21 m og fjærst um 32 m. Frá sjávarborði, hæstu stöðu, er byggingarreititur um 50 m. Byggingarreititur stendur mun herra en landið í kring og liggur upp af bílastæði sem nú er austan við hann. Bílastæði verða einnig á lóð hússins.

Á uppdrætti er kveðið nánar um skilmála.

Umrætt svæði er mjög sótt af veiðimönnum, ferðamönnum og útivistarfólki. Umrætt mannvirki er hugsað sem þjónustuhús fyrir þessa aðila. Tillagan verður til sýnis að bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, frá og með 22. maí 2002 til 19. júní 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflega athugasemdir. Frestur til að skila þeim inn er til 3. júlí 2002.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Bæjarstjóri Ölfuss.

5044)

Auglýsing

um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum á eftirtöldum svæðum í Reykjavík:

Grafarholt svæði 3, Grænlandsleið 29-49 og 22-40 og stígakerfi við Grænlandsleið.

Tillagan tekur einkum til húsanna nr. 29-49 og 22-40 við Grænlandsleið í Grafarholti auk þess sem gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á stígakerfi við og í kringum húsinn við Grænlandsleið.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir nokkrum lagfæringum á stígakerfi eins og áður greinir. Meginbreytingin felst þó í því að húsunum nr. 22-32 og 29-39, sem eru raðhús skv. núgildandi skipulagi, er breytt í tvíbýlishús og verður fjöldi húsa 16 í stað 12. Þá er húsunum nr. 34-40 og 41-49, sem eru einbýlishús skv. núgildandi skipulagi, breytt í tvíbýlishús. Krafa er gerð um bílgeymslur neðanjarðar fyrir hluta húsanna auk þess sem settar eru kvaðir um eignarhald þeirra. Óverulegar breytingar eru og gerðar á lóðarmörkum þyrpinganna.

Ellidaárdalur, rafstöðvarsvæði (nágrenni rafstöðvarinnar í Elliðaárdal).

Tillagan tekur til svokallaðs rafstöðvarsvæðis í Elliðaárdal eða svæðisins í kringum Ártún u.þ.b. 16 ha að stærð. Svæðið afmarkast af hitaveitustokk til norðurs, lóðum við Silungakvísl, Sveinbjarnarlundi, götu vestan við íbúðarhúsið nr. 33 við Rafveituveg og útivistarsvæðinu á lóð OR við rafstöðina til austurs og austari kvísl Elliðaánna til suðurs og vesturs.

Um er að ræða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Markmið hennar er að heimilt verði að byggja á hentugum stað í dalnum byggingar fyrir þjónustu og fræðslu fyrir notendur útivistarsvæðisins og tryggja ráðstöfun lands fyrir ýmiskonar útivistariðkun. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir byggingum sem ætlaðar eru fyrir orkuminjasafn, fornbílasafn, fræðslustofu fyrir Elliðaársvæðið og aðstöðu fyrir stangaveiðifélag og veiðimenn. Þá gerir tillagan ráð fyrir núverandi skíðasvæði ásamt tilheyrandi mannvirkjum, púttvelli og aðstöðu fyrir kastæfingar stangaveiðimanna svo eitt-hvað sé nefnt. Um stærðir bygginga, lóðir, bílastæði, götu- og stígakerfi o.fl. vísast til tillögunnar sjálfrar.

Elliðaárdalur, settjarnir við Árbæjarsafn og ofan við Árbæjarstíflu og tengdar framkv.

Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að gera settjörn við Árbæjarsafn næst Höfðabakka, syðst á athafnasvæði safnsins, og 4 settjarnir ofan við Árbæjarstíflu.

Fyrsta tjörnin ofan stíflu er staðsett suður af Fella- og Hólakirkju í svokallaðri Grænugróf. Önnur tjörnin er austan við syðstu húsinn í Hólabergi, við Lágaberg, rétt ofan við „Efri-Sporðhyl“. Þriðja tjörnin er staðsett við ána austan Trönuhóla við svokölluð „Þrengsli“. Fjórða tjörnin ofan stíflu er staðsett í Víðidal norðan við dælustöð Orkuveitu Reykjavíkur, austan árinna.

Markmið tillögunnar er m.a. að minnka mengunarálag frá ofanvatnskerfum í árnar. Mesta dýpi í tjörnunum miðað við stöðugt vatnsborð verður 1,2 m en næst bakka verður 1 m breitt svæði þar sem dýpt verður ekki meiri en 0,20 m. Tjarnirnar verða afmarkaðar og eftir atvikum girtar þar sem ástæða þykir til.

Tillögunar liggja frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 22. maí 2002 - til 3. júlí 2002. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 3. júlí 2002.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 11. maí 2002.
Skipulagsfulltrúi.

5319)

Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi „Kirkjugarður Hafnarfjarðar“

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2002 að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarð“ í Hafnarfirði í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin felst í stækkun kirkjugarðsins til suðvesturs.

Breytingin verður til sýnis í afgreiðslu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8 - 10, þriðju hæð, frá 22. maí 2002 – 20. júní 2002. Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskipulagi.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað skriflega til bæjarskipulags í Hafnarfirði, eigi síðar en 5. júlí 2002. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

5320)

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi í Mosfellsbæ

Dalsgarð II, Mosfellsdal.

Á fundi bæjarstjórnar þann 27. mars 2002 var samþykkt kynning á tillögu að deiliskipulagi fyrir Dalsgarð II, í Mosfellsbæ í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Tillagan felst í því að heimilt er að byggja við núverandi íbúðarhús og hámarks nýtingarhutfall verður 0,1.

Stofnanasvæði Reykjalundar.

Á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2002 var samþykkt kynning á tillögu að breytingu á deiliskipulagi stofnanasvæðis Reykjalundar í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að stofnanasvæðið er stækkað til norðausturs um 2,3 ha.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Reykjavegar 36.

Á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2002 var samþykkt kynning á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Reykjavegar 36, í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall lóðarinnar aukið úr 0,14 í 0,25.

Allar 3 tillögurnar verða til sýnis í afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, fyrstu hæð, frá 22. maí til 5. júlí nk.

Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skipulagsnefnd Mosfellsbæjar fyrir 5. júlí nk.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frest, teljast samþykkir tilögunni.

Mosfellsbæ, 13. maí 2002.

Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.

5321)

að stefnda verði gert að greiða sér skuld að fjárhæð USD 14.000, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum og lögum nr. 38/2001 um vexti sem hér segir: 8,6% af USD 14.000, frá 1. júní 1998 til 1. nóvember 1998, en 8,5% af sömu fjárhæð frá þeim tíma til 1. janúar 1999, 8,3% af sömu fjárhæð frá þeim tíma til 1. mars 1999, en 8,2% frá þeim tíma til 1. júní 1999, en 7,8% frá þeim tíma til 1. ágúst 1999, en 8,0% frá þeim tíma til 1. október 1999, en 8,1% frá þeim tíma til 1. nóvember 1999, en 8,3% frá þeim tíma til 1. desember 1999, en 8,8% frá þeim tíma til 1. febrúar 2000, en 8,9% frá þeim tíma til 1. maí

2000, en 9,1% vexti frá þeim tíma til 1. júlí 2000, en 9,6% vexti frá þeim tíma til 1. mars 2001, en 8,4% vexti frá þeim tíma til 1. apríl 2001, en 8,5% frá þeim tíma til 1. maí 2001, en 7,7% frá þeim tíma til 1. júní 2001, en 7,5% frá þeim tíma til 1. október 2001, en 6,5% frá þeim tíma til 1. nóvember 2001, en 5,5% frá þeim tíma til greiðsludags.

Þess er krafist að dæmt verði, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. júní 1999 en síðan árlega þann dag.

Ennfremur er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða

að mati dómsins. Þá er krafist 24,5% virðisauka-skatts af dæmdum málskostnaði.

Fyrirsvar: Friðjón Örn Friðjónsson hrl. rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik: Stefnandi afhenti stefnda USD 15.000, til „varðveislu og ávöxtunar“ eins og segir í skuldayfirlýsingu dags. 2. október 1993 undirritaðri af stefnda. Þar lofar hann að endurgreiða fjárhæðina áttfalda eftir ferð til Nígeríu þann 3. nóvember til 8. nóvember 1993, ef ferð hans heppnast. Að öðrum kosti lofar hann að leggja höfðuðstól lánsins ásamt vöxtum inn á reikning stefnanda við heimkomuna.

Stefndi stóð ekki við loforð sitt um endurgreiðslu lánsins. Þann 30. september 1995 var samið um endurgreiðslu skuldarinnar. Í skulda-viðurkenningu lofar stefndi að endurgreiða skuldina með fimm greiðslum sem hér segir:

Þann 2. október 1995 USD 1.500.

Þann 15. janúar 1996 USD 3.500.

Þann 15. júní 1996 USD 3.500.

Þann 15. janúar 1997 USD 3.500.

Þann 15. júní 1997 USD 3.000.

Stefndi vanefndi samkomulag um endurgreiðslu skuldarinnar að öðru leyti en því að í maí 1996 greiddi hann USD 1.000 inn á kröfuna. Var innborgun greidd í peningum til umboðsmanns stefnanda, Gests Bárðarsonar.

Stefnandi hefur verið búsett um langt skeið í Mexíkó. Hefur hún og umboðsmaður hennar hér á landi ítrekað krafist stefnda um endurgreiðslu en án árangurs. Í ársbyrjun 2000 var reynt að stefna stefnda til greiðslu skuldarinnar en ekki tókst að birta fyrir honum stefnu. Nauðsyn krefur að höfða mál þetta nú þar sem krafan er enn ógreidd.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár Hagstofu Íslands er stefndi ekki með skráð lögheimili hér á landi, en skráður óstaðsettur í hús í Reykjavík. Þar sem ekki er vitað hvar birta megi stefnu þessa eftir almennum reglum er nauðynlegt að stefnubirting fari fram í Lögbirtingablaði, sbr. a. lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi byggir á því að hún hafi lánað stefnda USD 15.000, en stefndi hafi aðeins greitt USD 1.000 af skuldinni í maí 1996 eins og rakið er í málsatvikalýsingu. Að öðru leyti er skuldin ógreidd þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir og loforð stefnda um greiðslu á ákveðnum tíma sbr. fyrirbyggjandi skuldaviðurkenningu. Byggt er á því að stefndi hafi skuldbundið sig til að endurgreiða skuldina í nóvember 1993 eins og fram kemur í skuldar-viðurkenningunni dags. 2. október 1993. Það hafi hann vanefnt en samið um endurgreiðslu skuldarinnar á ákveðnum gjalddögum sem fram koma í skuldaviðurkenningunni dags. 30. september 1995. Stefnandi sé bundinn af þeim samningi skv. almennum reglum samninga- og kröfuréttar. Hann hafi vanefnt samkomulagið og beri að endurgreiða stefnanda skuldina með dráttarvöxtum frá umsömdum gjalddögum sbr. ákvæði vaxtalaga.

Stefnandi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar. Einkum þeirrar grunnreglu að samninga skuli halda og að gjalda skuli skuld á gjalddaga réttum.

Byggt er á því að meginregla 4. gr. laga nr. 14/1905 um 10 ára fyrningu eigi við um höfuðstól skuldarinnar. Með vísan til 2. tl. 3. gr. er hins vegar ekki krafist um vexti lengra aftur í tímann en 4 ár.

Stefndi vísar til undirritunar stefnda á skulda-viðurkenninguna og til samkomulags um greiðslu skuldarinnar og loks til innborgunar á skuldina til staðfestingar á skuldinni og til sönnunar þess að stefndi hefur vanefnt greiðslu hennar. Ennfremur til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, laga nr. 50/1988, sbr. lög nr.

119/1989 um virðisaukaskatt, vaxtalaga nr. 25/1987 og laga nr. 1/2002.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins leggur stefnandi fram m.a. yfirlýsingu stefnda dags. 2. október 1993; skuldaviðurkenningu hans dags. 30. september 1995, endurrit úr Þjóð-skrá og hlutafélagaskrá, bréf stefnda dags. 24. nóvember 1993 og bréf lögmanns stefnanda dags. 13. desember 1999, umboð og afrit árangurslausrar stefnubirtingar.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn síðar.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Birni Emilssyni, kt. 280534-4639, Efstaleiti 14, Reykjavík, til þess að mæta á dómþingi héraðs-dóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 27. júní 2002, kl. 10.00 fyrir hádegi, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókna sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Mæti stefndi ekki við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 2. maí 2002.
Friðjón Örn Friðjónsson hrl.

(5023)

Dómstjórinn í Reykjavík,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Bjarki H. Diego hrl., að hann þurfi fyrir hönd Hávöxtunar-félagsins hf., kt. 611284-0479, Ármúla 13a, 108 Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi hlut-deildarskírteinum sem eigandi telur glötuð.

*Fyrirsva*r: Bjarki H. Diego hrl. kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur að neðangreind kjarabréf, í eigu Ingu Jónsdóttur, kt. 010348-2779, verði ógilt með dómi:

Kjarabréf nr. 3988, kr. 5.000 að nafnvirði, kjarabréf nr. 3989, kr. 5.000 að nafnvirði, kjarabréf nr. 3990, kr. 5.000 að nafnvirði.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveð-ur ofangreind bréf vera útgefin af Verðbréfa-sjóðnum hf., kt. 510185-1109, en það félag hafi verið sameinað stefnanda og hafi samruninn verið miðaður við 30. júní 2001. Verðbréfasjóð-urinn hf. hafi verið afskráður úr hlutafélagaskrá þann 8. febrúar 2002. Stefnandi hafi því tekið yfir réttindi og skyldur Veðbréfasjóðsins hf. og sé því réttur aðili þessa máls, sbr. 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Þegar eigandi hafi ætlað að innleysa ofangreind bréf hafi þau ekki fundist og þau hafi ekki enn fundist þrátt fyrir mikla leit. Til þess að geta neytt þeirra réttinda sem bréfin beri með sér sé nauðsynlegt að fá þau ógilt með dómi og hafi eigandi hinna glötuðu bréfa veitt stefnanda umboð til málshöfðunar í þessu skyni sem lagt verði fram við þingfestingu málsins.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120.–121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl: 1. Umboð eiganda til höfðunar ógildingarmáls. 2. Lögbirtingablað sem sýnir stefnubirtinguna. 3. Sýnishorn af kjarabréfi. 4. Vottorð frá hlutafélagaskrá um samruna Verðbréfasjóðsins hf. og Hávöxtunarfélags-ins hf.

Nauðungarsölur
Kópavogur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Dalvegi 18, Kópavogi, miðvikudaginn 19. júní 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Arnarsmári 30, 0101	Guðrún Helga Skúladóttir	Sparisjóður Hafnarfjarðar	417.069
5074)			
Auðbrekka 32, 0301	HO Fjárfestingar ehf.	Tollstjóraskrifstofa	204.363
5075)			
Álfhólsvegur 103, 0001	Hafðís Björk Hallgrímsdóttir	Húsasmiðjan hf.	887.269
5076)			
Álfhólsvegur 26	Ragnhildur Ólafsdóttir og Guðmundur Ólafur Heiðarsson	Íbúðalánasjóður	330.420
5077)			
Ástún 14, 0302	Birgir Brynjólfsson	Íbúðalánasjóður	167.611
5078)			
Birkihvammur 18, 0101	Eygló Hallgrímsdóttir	Lífeyrissjóður verkfræðinga	237.726
5079)			
Blásalir 1, 0202	Arnór L. Pálsson	Björgunarsveit Hafnarfjarðar	858.798
5080)			
Blásalir 5, 0101	Anna Guðrún Jensdóttir og Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson	Íbúðalánasjóður	209.378
5081)			
Blásalir 7, 0201	Óskar Ólafsson og Astrid Sigurðardóttir	Íbúðalánasjóður	358.228
5082)			
Borgarholtsbraut 69, 0202	Sigrún Björg Sæmundsdóttir	Íbúðalánasjóður	607.107
5083)			
Borgarholtsbraut 72, 0101	Silva Þórisdóttir	Sparisjóður Kópavogs	693.173
5084)			
Bæjarlind 14-16, 0207, 0208, 0209 og 0210	Lögbýli ehf.	Sparisjóður vélstjóra	3.032.319
5085)			
Dimmuhvarf 29, ehl.gþ.	Magnús Ólafsson	Húsasmiðjan hf.	1.983.216
5086)			
Efstihjalli 25, 0001, ehl.gþ.	Sigurður Guðni Björnsson	Sýslumaðurinn í Kópavogi	21.650
5087)			
Engihjalli 11, 1. hæð D, ehl.gþ.	Nói Jóhann Benediktsson	Sýslumaðurinn í Kópavogi	437.902
5088)			
Engihjalli 9, 0401, ehl.gþ.	Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	Sýslumaðurinn í Kópavogi	15.560
5090)			
Engihjalli 9, 0401, ehl.gþ.	Geir Sigurðsson	Sýslumaðurinn í Kópavogi	26.725
5091)			
Fífulind 5, 0401	Helena Debora Arsenault og Þorsteinn Ingimarsson	Kópavogsbær	230.289
5092)			
Fífulind 7, 0101	Sigurður Sigurbjörnsson	Sýslumaðurinn í Kópavogi	201.355
5093)			
Funalind 15, 0301	Svanlaug Ida Þráinsdóttir	Kópavogsbær	110.753
5094)			

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Funalind 15, 0401 5095)	Agnar Örn Jónasson	Stefán Þröstur Brynjólfsson	125.984
Furugrund 32, 0101 5096)	Hólmfríður Björnsdóttir	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	68.550
Furugrund 34, 0102 5097)	Sesselja Magnúsdóttir	Íbúðalánasjóður	67.507
Furugrund 58, 0203 5098)	Valþór Ólason	Sýslumaðurinn í Kópavogi	552.300
Gnípuheiði 19, 0201 5099)	Arndís Inga Helland og Eggert Óskar Þormóðsson	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar og sýslumaðurinn í Kópavogi	5.041.250
Grundarsmári 14 5100)	Þórey Sveinbergsdóttir og Ásgrímur Jónasson	Íbúðalánasjóður	280.125
Grundarsmári 4 5101)	Jón Grétar Sigurðsson og Sveinbjörg H. Eggertsdóttir	Íbúðalánasjóður, Ísleifur Ottesen og Skeljungur hf.	9.946.244
Grænatún 2 5102)	Hannes Björnsson	Sýslumaðurinn í Kópavogi	1.478.067
Hamraborg 20, 0303 5103)	Magnús Möller og Bergljót Hreinsdóttir	Íbúðalánasjóður	65.816
Hlíðarhjalli 16, ehl.gþ. 5104)	Stefán Axel Stefánsson	Tollstjóraskrifstofa	353.957
Hlíðarhjalli 55, 0101 5105)	Guðríður Bjarney Ágústsdóttir	Sýslumaðurinn í Kópavogi	19.620
Hlíðarhjalli 59, 0101 5106)	Halldór Margeir Halldórsson	Ingvar Helgason hf. og Íbúðalánasjóður	1.516.146
Hlíðarhjalli 61, 0203 5107)	Ólafía Sigríður Jensdóttir	Íbúðalánasjóður	411.712
Hlíðarvegur 18, 0101 5108)	Sigurður Gunnsteinsson	Ísleifur Ottesen	9.085.219
Hlíðasmári 9, 0103 5109)	Hlíðasmári ehf.	Kópavogsbær	233.028
Hlíðasmári 9, 0104 5110)	Hlíðasmári ehf.	Kópavogsbær	165.696
Hlíðasmári 9, 0105 5111)	Hlíðasmári ehf.	Kópavogsbær	233.028
Holtagerði 13, 0201 5112)	Pétur Jónsson	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	41.423
Kjarrhólmi 22, 0201 5113)	Hjördís Pétursdóttir	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú	864.241
Kópavogsbraut 14, kjallari 5114)	Marteinn Kristinn Jónasson	Íbúðalánasjóður	166.237
Kópavogsbraut 72, neðri hæð 5115)	Sveinn Jóhannesson og Hulda Georgsdóttir	Íbúðalánasjóður	150.432
Laugalind 3, 0101, 5116)	Ingibjörg Guðnadóttir	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar	882.640
Laxalind 10, 0101 5117)	Egill Þórarinsson og Unnur Björk Hjartardóttir	Íbúðalánasjóður	122.334

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskráð bréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 27. júní 2002, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framan­greindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 6. maí 2002.
Dómstjórinn í Reykjavík,
Friðgeir Björnsson.

(5031

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. mars 2002, var bú Ólafs Hauks Gíslasonar, kt. 130957-7819, 600 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta.

Ólafur Haukur er annar eigandi sameignar­félagsins Hauks sf., kt. 640796-2279, Suður­landsbraut 12, 108 Reykjavík og ber hann því persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess fél­ags. Gjaldþrotabeiðnin er vegna krafna á Hauk sf. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 25. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, þ. á m. kröfur á Ólaf Hauk persónulega og á Hauk sf., eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta­stjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu afhentar á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, eða sendar í pósthólf 32, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, 20. ágúst 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta­fundinn.

(4985 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 15. apríl 2002, var bú Raf­iðnaðar ehf., kt. 480190-1579, Tungusíðu 4, 603 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. febrúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu afhentar á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, eða sendar í pósthólf 32, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipa­götu 7, 2. hæð, Akureyri, 20. ágúst 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta­fundinn.

(4986 a

Akureyri, 23. apríl 2002.
Þorsteinn Hjaltason hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp­kveðnum 30. apríl 2002, var bú Blaðadreifingar

HH ehf., kt. 630500-3110, Unufelli 21, Reykja- vík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 21. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, þriðjudaginn 6. ágúst 2002, kl. 9.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta- fundinn.

(5016 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp- kveðnum 30. apríl 2002, var bú Gistiheimilisins Perlunnar ehf., kt. 490492-2169, Spítalastíg 5, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 21. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, þriðjudaginn 6. ágúst 2002, kl. 9.30. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta- fundinn.

(5017 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp- kveðnum 30. apríl 2002, var bú GT Reykjavík ehf., kt. 430300-2370, Tómasarhaga 28, Reykja- vík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 21. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, þriðjudaginn 6. ágúst 2002, kl. 10.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta- fundinn.

(5018 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp- kveðnum 30. apríl 2002, var bú Hafbeitar- stöðvarinnar Kleifum, kt. 500686-1119, Hofs- vík, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrota- búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 21. desember 2001.

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Lækjasmári 1, 0101 ⁵¹¹⁸⁾	Ólafur Garðar Þórðarson	Sýslumaðurinn í Kópavogi	241.636
Melalind 12, 0201 ⁵¹¹⁹⁾	Sunneva Jónsdóttir og Guðmundur Lauritzson	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	178.820
Miðsalir 7, ehf. ⁵¹²⁰⁾	Þorsteinn Friðþjófsson	Tollstjóraskrifstofa	367.913
Miðsalir 8, ehf. ⁵¹²¹⁾	Salvör Lára Olgeirsdóttir	Tollstjóraskrifstofa	1.617.671
Núpalind 6, 0701, ehf. ⁵¹²²⁾	Eiður Helgi Sigurjónsson	Tollstjóraskrifstofa	6.191.125
Nýbýlavegur 44, 1. hæð ⁵¹²³⁾	Guðmundur Ottósson	Sparisjóður Hafnarfjarðar	4.793.696
Nýbýlavegur 58, 1. hæð t.v. ⁵¹²⁴⁾	Gunnar Ágúst Ingvarsson	Búnaðarbanki Íslands	3.243.366
Reynihvammur 31 ⁵¹²⁵⁾	Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	150.029
Vallhólmi 12 ⁵¹²⁶⁾	Sveinbjörn G. Guðjónsson	Ísaga ehf.	117.295
Vesturvör 26, 0102 ⁵¹²⁷⁾	Járn og Blikk ehf.	Sýslumaðurinn í Kópavogi	1.105.598
Vesturvör 30A ⁵¹²⁸⁾	Trefill ehf.	Sparisjóður Hafnarfjarðar	22.031.763
Þinghólsbraut 2, neðri hæð ⁵¹²⁹⁾	Þórarinn S. Halldórsson	Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	4.242.818
Kópavogi, 10. maí 2002. Sýslumaðurinn í Kópavogi, Ragna Gestsdóttir ftr.			

